

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 189/1988, um opinber innkaup og starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins.

#### 1. gr.

Við 8. gr. bætist nýr málslíður, sem orðast svo:  
Ákvæði 4. másl. gildir ekki ef slíkt er óheimilt skv. milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 3. mars 1995.*

F. h. r.

**Magnús Pétursson.**

*Áslaug Guðjónsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla.

#### 1. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar bætist við eftirfarandi ml.:  
Á kartöfluumbúðum skal koma skýrt fram tegundarheiti.

#### 2. gr.

Við 44. gr. reglugerðarinnar bætist við eftirfarandi mgr.:  
Þegar kartöflur eru seldar í lausri vigt skal merkja með áberandi hætti hvaða tegund er um að ræða.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytið, 23. febrúar 1995.*

**Össur Skarphéðinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*